

ÖFLUGRI SVEITARFÉLÖG

*VÆNTUR ÁVINNINGUR VIÐ SAMEININGU SVEITARFÉLAGA M.V. 1000 ÍBÚA AÐ
LÁGMARKI*

- 2020 -

Skýrsla

Önnur útgáfa

Sigurður Guðmundsson

Vífill Karlsson

EFNISYFIRLIT

Myndir	3
Töflur.....	3
Formáli	4
1 Ágrip	5
2 Inngangur	6
3 Aðferðir.....	8
3.1 Aðferð 1	8
3.2 Aðferð 2	9
3.2.1 Almenn þjónusta sveitarfélaga	10
3.2.2 Æskulýðs- og Íþróttamál og menningarmál.....	11
3.2.3 Málefni fatlas Fólks.....	12
3.2.4 Sameiginlegur kostnaður.....	12
3.2.5 Grunnskólinn	14
3.2.6 Félagsmál, önnur en málefni fatlaðra	18
3.2.7 Heilbrigðismál	18
3.2.8 Atvinnumál	18
4 Greining og niðurstöður	19
4.1 Aðferð 1	19
4.2 Aðferð 2	22
5 Fyrirvarar og athugasemdir við niðurstöður.....	23
6 Heimildaskrá	24

MYNDIR

Mynd 2.1 Fjöldi sveitarfélaga á Íslandi 1953-2018	6
Mynd 3.1 Sameiginlegur kostnaður (yfirstjórn) meðal íslenskra sveitarfélaga árið 2017	8
Mynd 3.2 Málflokkar 7 til 11 kostnaður á íbúa í sveitarfélögum með innan við 1.000 íbúa	10
Mynd 3.3 Málflokkar 7 til 11. Kostnaður á hvern íbúa í sveitarfélögum með 1.000-5.000 íbúa.....	11
Mynd 3.4 Sameiginlegur kostnaður án tekna frá málaflokkum á íbúa í fámennari sveitarfélögum.....	13
Mynd 3.5 Sameiginlegur kostnaður - án tekna frá málaflokkum á íbúa 1000-4000 íbúar	13
Mynd 3.6 Sameiginlegur kostnaður - án tekna frá málaflokkum á íbúa 4000+ íbúar	14
Mynd 3.7 Rekstrargjöld að frátoldum aksturskostnaði á nemanda eftir stærð skóla.....	15
Mynd 3.8 Samband milli stærðar skóla og kostnaðar á hvern nemanda er mjög afgerandi	16
Mynd 3.9 Launakostnaður á hvern nemanda lækkar með stærð skóla.....	16
Mynd 3.10 Annar kostnaður á hvern nemanda lækkar með stærð skóla.....	17

TÖFLUR

Tafla 3.1. Útgjöld til menningarmála og æskulýðs- og íþróttamála árið 2017, kr. á íbúa	12
Tafla 4.1. Breyting á kostnaði sveitarfélaga í kjölfar sameininga lítilla í millistór.....	19
Tafla 4.2. Breyting á kostnaði sveitarfélaga í kjölfar sameininga lítilla í stór	20
Tafla 4.3. Breyting á kostnaði sveitarfélaga í kjölfar sameininga millistórra í stór.....	21
Tafla 4.3. Samanburður á niðurstöðum aðferðanna tveggja	22

FORMÁLI

Í ágúst 2019 leitaði fulltrúi Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis til höfunda og bað þá um að gera mat á því hver yrðu fjárhagslegu áhrif lögbundið lágmarksfjöldi íbúa sveitarfélaga yrði bundinn við töluna 1.000, eða eins og segir í markmiðum með greiningarvinnunni:

"Að fyrir liggi hagræn greining á áhrifum þess að lágmarksíbúatala sveitarfélaga verði 1.000"

Þá segir enn fremur orðrétt í lýsingu verkefnisins:

"Samkvæmt tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga, sem nú er til umsagnar í samráðsgátt Stjórnarráðsins, er aðgerð sem felur í sér að sett verði ákvæði í sveitarstjórnarlög um að lágmarksíbúafjöldi í sveitarfélagi sé ekki minn en 1.000. Nái tillagan fram að ganga er ljós að sveitarfélögum á Íslandi mun fækka umtalsvert, en yfir helmingur sveitarfélaga hefur færri en 1.000 íbúa. Ýmsir aðilar, m.a. Samtök atvinnulífsins, hafa bent á að mikil hagræðing felist í slíkri aðgerð. Hægt væri að nýta þann ávinning til að lækka álögur á íbúa, greiða niður skuldir og þar með lækka kostnað, og/eða auka þjónustu við íbúa og styrkja innviði.

Nú þegar tillaga þessi er komin fram er mikilvægt að fyrir liggi hagræn greining á áhrifum hennar, þ.e. mati á fjárhagslegum og hagrænum áhrifum þess að sveitarfélögum fækki um allt að helming. Áhrifin geta komið fram í lægri sameiginlegum kostnaði, svo sem við yfirstjórn, í samlegð sem gæti falist í samrekstri eða sameiningu þjónustustofnana, á borð við grunnskóla og þess háttar. Gert er ráð fyrir að fjallað verði almennt um möguleg hagræn áhrif sameininga en ekki fjallað sérstaklega um einstök sveitarfélög eða svæði."

Ráðuneytið ætlaðist til þess að þeir ynnu hvor um sig sjálfstætt mat á mögulegri hagræðingu en skiluðu sameiginlegri skýrslu. Höfundar hófu verkið mánudaginn 19. ágúst. Drög að skýrslunni voru afhent 5. september en endanleg útgáfa 17. september.

Vegna nýrra upplýsinga, þekkingar og betri aðferðar var ráðist í aðra útgáfu af skýrslunni. Hún snertir eingöngu aðferð 1.

1 ÁGRIP

Tvær aðferðir voru notaðar í þessari skýrslu. Önnur þeirra, kölluð aðferð 1, gaf til kynna að svigrúm til hagræðingar við það að setja lágmarks íbúafjölda sveitarfélaga í 1.000 geti orðið 4,7 ma.kr. á ári á sveitarstjórnarstiginu. Núvirt skilar það um 134 milljörðum króna ef gert er ráð fyrir ávinning inn í hið óendenlega og 3,5% afvöxtunarstuðli. Hin aðferðin, aðferð 2, skilaði mati á tækifærum til hagræðingar sem nemur um 5 ma.kr. á ári.


Aðferð 1 var þannig að stuðst var við kostnaðartölur málaflokka undangenginna 5 ára og kostn-aðarlíkön metin fyrir alla málaflokka annars vegar fyrir þau minni (999 íbúar og færri) og þau stærri hins vegar (1000-4000 íbúar). Síðan var kostnaði við íbúa í minni sveitarfélögum breytt í samræmi við matið á stærri sveitarfélögunum. Í einu mikilvægu atriði var vikið frá niðurstöðum líkananna. Ákveðið var að fara varlega í að áætla hagræðingu vegna fasts kostnaðar málaflokka minni sveitarfélaganna. Fræðilega hefði mátt gera ráð fyrir að hann hyrfi algerlega en hér var gert ráð fyrir að hann lækkaði eingöngu um 70%.

Aðferð 2 gekk út á það að velta fyrir sér líklegum sameiningarmynstrum og meta út frá því hvaða tækifæri til hagræðingar slík endurskipulagning hefði í för með sér. Þarna er því ekki um að ræða mat á *líklegri* hagræðingu, heldur *mögulegri*.

2 INNGANGUR

Sameining sveitarfélaga er stöðugt í almennri umræðu. Fram til þessa hafa sameiningar verið sjálfsprottnar með einni eða tveimur undantekningum þó svo stjórnvöld hafi oft hvatt íbúa til þess. Flest voru sveitarfélögum um 250 á miðri 20. öldinni en urðu nú 72 (Mynd 2.1) við síðustu sameiningu Garðs og Sandgerðis og úr varð Suðurnesjabær og sama ár sameinaðist Breiðdalshreppur Fjarðabyggð.

Mikilvægt er að sveitarfélögin nái að sinna núverandi verkefnum á viðunandi hátt. Nú er staðan þannig að mörg hinna fámennari sveitarfélaga hafa útvistað grunnþjónustu sem þeim ber að sinna og í sumum tilvikum er þjónustu illa eða ekki sinnt. Þess utan telja menn sig geta hagrætt hjá hinu opinbera með sameiningum sveitarfélaga og farið þá betur með skattfé almennings. Þá eru lýðræðisleg sjónarmið einnig uppi þegar kemur að umræðunni um fámenn og fjölmenn sveitarfélög en þetta er einnig byggðamál. Síðast en ekki síst hefur flutningur opinberra starfa út á land tengst þessari umræðu þar sem ein leið til þess er að fela sveitarstjórnarstiginu umsjá fleiri málaflokka hins opinbera. Um þriðjungur veltu hins opinbera er á hendi sveitarfélaga og ríkið fer með 2/3. Þessu er öfugt farið í flestum nágrannalöndum okkar en þar eru sveitarfélög líka margfalt fjölmennari en hér. Hins vegar treystir ríkisvaldið ekki minnstu sveitarfélögum til að standa faglega að rekstri ýmissa málaflokka og þess vegna hefur hvatningin verið til sameiningar. Að auki er nú svo komið að stöðugt erfiðara gengur að fá fólk til félagsstarfa og það sama gildir um þátttöku í sveitarstjórnarmálum. Þetta getur verið sérstaklega lýjandi í fámennustu sveitarfélögum þar sem ábyrgðin lendir á sömu einstaklingunum og oft litlar forsendur til að launa þetta eins og eðlilegt væri. Að lokum er rétt að greina frá því að færð hafa verið rök fyrir því að tilvist fámennra sveitarfélaga hafi staðið þróunarmöguleikum sveitarstjórnarstigsins fyrir þrifum.



Mynd 2.1 Fjöldi sveitarfélaga á Íslandi 1953-2018 Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Það er eins og hreyfing hafi fyrst komist á sameiningar í kringum 1986 og þá fækkaði þeim nokkuð ört fram til ársins 2006 úr 222 í 79. Fyrir miðja öldina átti sveitarfélögum frekar til með fjölgum vegna stækkunar og myndun fámennra þéttbýlisstaða í tengslum við ört vaxandi sjávarútveg og íbúar streymdu úr sveitum í þorp og bæ. Svo hafa fámennir bærir átt í völk að verjast eftir að tæknivæðing og kerfisbreytingar hafa orðið bæði í landbúnaði og einkum sjávarútvegi. Við það hafa sum samfélög utan höfuðborgarsvæðisins orðið fámenn. Lítið hefur gerst í sameiningum sveitarfélaga frá því 2006 þó svo stöku sameining hafi orðið annað veifið. Þegar málefni fatlaðs fólks voru flutt til sveitarfélaga árið 2011 voru þau skylduð til að reka þjónustuna í byggðasamlögum þar sem íbúafjöldi var ekki nægjanlega mikill. Að mati sumra var þar sleppt tækifæri til að efla sveitarstjórnarstigið og síðan þá hafa sameiningar verið sjaldgæfar. Ekki bætti úr skák þegar lögum var breytt árið 2009 og lágmarksíbúafjöldi numinn úr gildi. Hann hafði áður verið 50 íbúar og þótti flestum það lágmark allt of lágt. Enn telja sumir tækifæri í sameiningum, sérstaklega þar sem mikill fjöldi sveitarfélaga er fámennari en 200 íbúar og fækkun fólks einna mest í slíkum samfélögum ef frá eru talin s.l. 3-7 ár þar sem ferðaþjónustan hefur vaxið ört og fjölgun kannski helst rakin til ungs fólks í ævintýraleit sem kemur stuttan tíma til vinnu í ferðaþjónustu og er síðan farið. Þetta þarfnaðast þó frekari athugunar.

Það var því sumarið 2019 sem stjórnvöld ákváðu að leggja fram þingsályktunartillögu til að örva sameiningar sveitarfélaga og stefna að því að lágmarksíbúafjöldi þeirra verði 1.000 en að lágmarkið yrði hækkað í skrefum. Fyrst yrði lágmarkið sett við 250 íbúa og nokkrum árum seinna í 1.000.

Í þessari skýrslu verður því leitast við að leggja mat á það hversu miklir fjármunir verði til meðal íslenskra sveitarfélaga við 1.000 íbúa lágmarkið. Ekki verður gerð tilraun til að meta það hvernig sá ávinningur/hagræði skiptist á milli sveitarfélaga, jöfnunarsjóðs og ríkissjóðs heldur eingöngu reynt að ná eins góðri námundun og unnt er á það hvað skapast af „tækifærum“ til hagræðingar innan sveitarstjórnarstigsins óháð því hvar hún lendir og óháð því hvort forsvarsmenn sveitarfélaga ná að innleysa þá fjármuni.

Ekki verður horft til tekjuhliðar í þessari greinargerð.

Ekki verður heldur reynt að meta hvert beint hagræði ríkissjóðs yrði af þessari breytingu, jöfnunarsjóðs eða annarra fyrirtækja og samtaka sveitarfélaga. Eingöngu verður horft til þeirra málaflokka sem tilgreindir eru í Árbók sveitarfélaga (og gefin hefur verið út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga síðan 1987). Stuðst er við ársreikninga sveitarfélaga sem er að finna á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga um þessa málaflokka og náð var í gögn 20. ágúst 2019. Til viðmiðunar mögulegum sameiningum var horft til vinnumarkaðssvæða sem Byggðastofnun hefur verið að skilgreina í samstarfi við atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök um allt land.

Engin forskrift var gefin af verkbeiðanda er varðar aðferðir við matið og var því ákveðið að styðjast við tvær sjálfstæðar aðferðir og er hvor höfundur um sig ábyrgur fyrir sinni. Með því má segja að um einskonar álagspróf á aðferðunum og niðurstöðum þeirra sé að ræða þegar viðfangsefnið er nálgast út frá fleiri en einni aðferð.

Rannsóknarsþurningin er því þessi: *Hversu mikið gæti tækifæri til hagræðingar vegna reksturs málaflokka sveitarfélaga orðið í kjölfar þess að sett verði lágmark á íbúa fjölda sveitarfélaga við 1.000 íbúa?*

3 AÐFERÐIR

3.1 AÐFERÐ 1


Í aðferð 1 verða kostnaðartölur yfir málaflokkana nýttar til að meta heildarkostnaðarfall þeirra og hvernig það þróast í takt við íbúafjölda. Sérstök greining verður gerð fyrir sveitarfélög sem eru fámennari en 1.000 íbúar (L) og önnur fyrir þau sem eru 1.000 íbúar og fleiri (S). Þetta er gert í þeim tilgangi að sjá hver sé munurinn á þessum tveimur ólíku sveitarfélögum af gefnu tilefni ásamt því að skapa andlag hagræðingar innan málaflokkana sem og að skilja á milli fasts og breytilegs kostnaðar í hverjum málaflokki eftir stærð sveitarfélaga í íbúum talið. Í þessari greiningu var hins vegar ákveðið að halda Reykjavík alveg utan við vegna sérstöðu hennar á allan hátt.

Hugmyndin er þessi: Metum kostnaðarföll fjölmennra og fámennra sveitarfélaga í sitt hvoru lagi og fáum því eftirfarandi líkan fyrir fjölmenn sveitarfélög:

$$y_{is} = \alpha_s + \beta_s x_{is} + \varepsilon_{is}$$

Og þetta fyrir fámenn:

$$y_{il} = \alpha_l + \beta_l x_{il} + \varepsilon_{il}$$



Mynd 3.1 Sameiginlegur kostnaður (yfirstjórn) meðal íslenskra sveitarfélaga árið 2017
Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Síðan er andlag hagræðingarinnar af sameiningum sveitarfélaga reiknað á eftirfarandi hátt í einföldustu útgáfu af líkaninu:

$$H = s_f \alpha_l + i_f (\beta_l - \beta_s)$$

(Jafna 1)

Hagræðingin í viðkomandi málaflokki er því margfeldið af fækkun sveitarfélaga, s_f , og þeim fasta kostnaði sem fámennari sveitarfélögin voru með fyrir sameiningu, α_l . Það er af því að hann ætti að hverfa við sameiningu sveitarfélaganna. Þar sem það er ekki alltaf reyndin var ákveðið að reikna með að 70% af fasta kostnaðinum hverfi. Þá er margfeldi fjölda þeirra íbúa sem bjó í þeim sveitarfélögum sem fækkaði, i_f , og miðmunum á jaðarkostnaði málafloksins hjá fámennu sveitarfélögnum, β_l , og þeim fjölmennu, β_s , reiknaður og bætt við. Það gefur heildarhagræðinguna samkvæmt þessari aðferð í sinni einföldstu mynd.

Hér að ofan (Mynd 3.1) er dæmi tekið af málaflokknun „sameiginlegur kostnaður“ sem er í rauninni kostnaður við yfirstjórn sveitarfélaga eins og t.d. rekstur bæjarskrifstofu og almenns skrifstofuhalds sem tekur yfir öll eða mörg svið og málaflokka sveitarfélags. Við sjáum þar að niðurstaðan fyrir fjölmennu sveitarfélögin er:

$$y_{is} = 70.300.000 + 48.853x_{is} + \varepsilon_{is}$$

Og þessi fyrir fámenn:

$$y_{il} = 8.279.038 + 123.865x_{il} + \varepsilon_{il}$$

Tækifæri til hagræðingar í þessum málaflokki verður því samkvæmt þessari aðferð:

$$H = 40 \times 8.279.038 + 16.675(123.865 - 48.853) \approx 1,5 \text{ ma. kr.}$$

Þarna er gert ráð fyrir að sveitarfélögum fækki um 40 og íbúar í þeim sveitarfélögum sem eru innan við 1.000 íbúar, séu 16.675 við sameiningu.

Keyrð voru þrjú líkön undir aðferð 1:

1. Þversniðsgreining á gögnum ársins 2017, þar sem Reykjavík var sleppt.
2. Panel gagna greining á gögnum áranna 2013-2017, þar sem Reykjavík var sleppt.
3. Panel gagna greining á gögnum áranna 2013-2017, þar sem stærri sveitarfélögum var skipt í tvennt: 1) millistór sveitarfélög með 1000-4000 íbúar 2) Stór sveitarfélög þar sem búa fleiri en 4.000 íbúar.

Í lokagreiningunni var stuðst við 3. greininguna.

3.2 AÐFERÐ 2

Hér verður sagt frá aðferð 2 sem er mat á hagræðingarmöguleikum byggt á samanburði líkra sveitarfélaga.

Gert var mat á mögulegum breytingum á rekstrarkostnaði málaflokka á hvern íbúa byggt á ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2017. Ekki var hægt að styðjast gögn fyrir fleiri ár að þessu sinni vegna umfangs verkefnisins þótt það hefði verið æskilegt. Reynt var að laga matsaðferðina í hverju tilviki að aðstæðum. Þannig var gert ráð fyrir því að sveitarfélög myndu sameinast á samfelldum þjónustusvæðum, óháð því hvort mögulegt væri að sameina færri sveitarfélög á þann hátt að staðið yrði við markmið um að engin sveitarfélög yrðu fámennari en 1.000 íbúar. Í þessari

greiningu er einungis horft til kostnaðar við rekstur þeirra málaflokka sem sveitarfélög annast en ekki horft til þess hvort hugsanleg sameining hefði áhrif á tekjur þeirra. Þar væri fyrst og fremst um að ræða að með óbreyttum reglum um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga yrðu verulegar breytingar á tekjum. Hjá mörgum fámennari sveitarfélögum er þó hér um að ræða stærsta einstaka tekjustofn viðkomandi sveitarfélags enda hefur reynslan sýnt að hugsanlegar breytingar á úthlutun úr Jöfnunarsjóði hafa oft haft úrslitaáhrif á afstöðu íbúa til sameiningar.


Þar sem fleiri þéttbýlisstaðir sameinast (og hugsanlega einnig dreifbýli) er miðað við kostnað í rekstri málaflokka sveitarfélaga sem nú þegar eru álíka fjölmenn og hið sameinaða sveitarfélag.

Önnur möguleg leið væri að skoða hvaða sveitarfélög í hverjum stærðarflokki eru með lægstan tilkostnað við rekstur málaflokka að teknu tilliti til aðstæðna. Hún hefur þó ekki verið farin að þessu sinni.

Eftir að allir málaflokkar hafa verið skoðaðir með tilliti til þess hvort rekstur þeirra er hagkvæmari á hvern íbúa eftir því sem sveitarfélög eru fjölmennari eru valdir til útreiknings á mögulegu hagræði af sameiningu þeirra málaflokkar þar sem því er þannig farið að kostnaður á íbúa fer lækkandi með fjölda í sveitarfélagini. Þessir flokkar eru fjórir, þ.e. í fyrsta lagi eru tekin saman útgjöld til eftifarandi málaflokka: brunamál og almannavarnir; hreinlætismál; skipulags- og byggingarmál; umferðar- og samgöngumál og umhverfismál. Í öðru lagi eru tekin saman útgjöld til menningarmála annars vegar og æskulýðs- og íþróttamála hins vegar. Þriðji flokkur útgjaldar er svo kallaður sameiginlegur kostnaður, þ.m.t. skrifstofuhald sveitarfélagsins. Að síðustu er lauslega skoðað hvaða almennu möguleikar felast í hagræðingu í rekstri grunnskóla. Fjallað er um niðurstöður greiningar á þessum þáttum í kafla 3.2.5 en niðurstöður útreikninga í kafla 4.2.

3.2.1 ALMENN ÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGA


Almenn þjónusta sveitarfélaga (málaflokkar 7-11 í málaflokkauppgjöri þeirra) var skoðuð með tilliti til kostnaðar á hvern íbúa. Taka verður fram að hér er einungis verið að skoða kostnað en ekki gæði þeirrar þjónustu sem veitt er. Niðurstöðurnar eru eftifarandi:



Mynd 3.2 Málaflokkar 7 til 11 kostnaður á íbúa í sveitarfélögum með innan við 1.000 íbúa

Í fámennustu sveitarfélögum eru þessir þjónustuliðir umfangsmiklir en rekstur þeirra sýnir ekki sértaka tilhneigingu til að breytast með íbúafjölda. Óvegið meðaltal er 104 þúsund krónur á hvern íbúa að meðaltali.

Nokkurn veginn hið sama gildir um sveitarfélög með milli 1.000 og 5.000 íbúa en óvegið meðaltal kostnaðar á hvern íbúa er þó heldur lægra, 90 þúsund krónur. Kostnaðurinn er þó hvergi eins mikill á hvern íbúa eins og í fámennari floknum:



Mynd 3.3 Málaflokkar 7 til 11. Kostnaður á hvern íbúa í sveitarfélögum með 1.000-5.000 íbúa
Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Kostnaður við þessa málaflokka er mjög mismunandi mikill í sveitarfélögum sem eru fjölmennari en 5.000. Meðaltalið er um 65 þúsund en hann er á milli 40-100 þúsund á hvern íbúa. Í útreikningunum sem hér fylgja er reiknað með því að mögulegt sé að ná fram nokkurri hagræðingu í að veita þá þjónustu sem undir þessa málaflokka heyra.

3.2.2 ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTAMÁL OG MENNINGARMÁL

Málaflokkarnir æskulýðs- og íþróttamál annars vegar og menningarmál hins vegar, vega mjög misjafnlega þungt í rekstri málaflokka hjá sveitarfélögum og virðast endurspeglar mismunandi áherslur meira en nokkuð annað. Árið 2017 voru útgjöldin minnst 12 þúsund krónur á íbúa en mest 265 þúsund krónur. Af þessu verður ráðið að ekki er líklegt að sameining sveitarfélaga muni hafa áhrif hér á en þó er kostnaðurinn það misjafn að ekki verður fram hjá því horft að möguleikar eru til hagræðingar í fjölmennari sveitarfélögum, án þess að það komi niður á gæðum þeirrar þjónustu sem veitt er. Útgjöld til málaflokkanna munu efalítið breytast þegar sveitarfélög með mismunandi áherslur á þessum málaflokkum sameinast. Til skýringar fylgir hér tafla sem sýnir hversu mörg sveitarfélög eru í hverjum flokki útgjalda til þessara málaflokka á íbúa og íbúafjölda þeirra.

Tafla 3.1. Útgjöld til menningarmála og æskulýðs- og íþróttamála árið 2017, kr. á íbúa

Kr. íbúa	Fjöldi sveitarfélaga	Íbúafjöldi samtals
<60.000	5	1.616
60-80.000	8	52.483
80-100.000	13	67.641
100-120.000	12	159.010
120-140.000	12	20.534
140-160.000	7	26.457
160-180.000	6	7.029
>180.000	9	13.566


Til menningarmála og æskulýðs- og íþróttamála var verið að veita tæplega 60.000 kr. á íbúa árið 2017 þar sem framlög voru lægst og meira en 180.000 kr. þar sem þau voru hæst (Tafla 3.1). Útgjöld innan við 60.000 kr. á mann snertu þó eingöngu 1.616 íbúa í 5 sveitarfélögum en rúmlega 180.000 kr. 13.566 íbúa í 9 sveitarfélögum. Fyrir flesta íbúa, eða 159.010, var verið að ráðstafa 100.000-120.000 kr. á ári í 12 sveitarfélögum í þessi verkefni.

3.2.3 MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS

Kostnaði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks er alveg sleppt úr þessari greiningu. Í sumum tilvikum er þjónustan rekin í byggðasamlögum margra sveitarfélaga saman. Fjölmennari sveitarfélög reka sum hver þjónustu við fatlað fólk sjálf og í sumum tilvikum hafa verið gerðir samningar um að fjölmennari sveitarfélög taki að sér þjónustuna fyrir fámennari sveitarfélög í grenndinni. Í þeim upplýsingum sem fyrir liggja er ekki hægt að greina þetta mismunandi fyrirkomulag í sundur og því er kostnaði vegna fatlaðs fólks alveg slept.

3.2.4 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR


Sameiginlegur kostnaður sveitarfélaga á hvern íbúa er mjög mismunandi en fer þó almennt eftir fjölda íbúa. Sameiginlegur kostnaður innifelur kostnað við skrifstofuhald sveitarfélagsins og ýmsan annan kostnað sem ekki er hægt að færa á einstaka málaflokka. Í flestum tilvikum taka málaflokkarnir síðan þátt í hinum sameinlega kostnaði. Í þessari greiningu er einungis litið á heildarkostnað en ekki skoðað hvernig einstakir málaflokkar taka þátt í honum. Þetta sést á eftirfarandi myndum.



Mynd 3.4 Sameiginlegur kostnaður án tekna frá málaflokkum á íbúa í fámennari sveitarfélögum
Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.


Á þessari mynd má sjá að sameiginlegur kostnaður hjá fámennum sveitarfélögum er almennt hærri en hjá þeim sem fjölmennari eru með þeirri undantekningu að sum allra fámennustu sveitarfélögum hafa sáralítinn sameiginlegan kostnað enda hafa þau mörg hver útvistað allri þjónustu sem þeim ber að annast til annarra aðila. Kostnaðurinn er að meðaltali 108 þúsund krónur á hvørn íbúa (óvegið).

Þegar sveitarfélög eru orðin fjölmennari en 1.000 íbúar er kostnaður við sameiginlega þjónustu sá sem sýndur er á næstu mynd (Mynd 3.5).



Mynd 3.5 Sameiginlegur kostnaður - án tekna frá málaflokkum á íbúa 1000-4000 íbúar
Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Hér er meðalkostnaðurinn á hvern íbúa orðinn 63 þúsund krónur (óvegið), umtalsvert lægri en hjá fámennari sveitarfélögnum en þó mjög breytilegur. Þegar sveitarfélög eru orðin fjölmennari en 4.000 íbúar er sameiginlegi kostnaðurinn enn lægri, eins og sjá má á þessari mynd:



Mynd 3.6 Sameiginlegur kostnaður - án tekna frá málaflokkum á íbúa 4000+ íbúar
Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Reykjavík er sýnd með stjörnu (vegna mikils mannfjölda) en það vekur athygli hversu breytilegur sameiginlegur kostnaður er hjá sveitarfélögum sem hafa rétt innan við 5 þúsund íbúa. Sker Seltjarnarnes sig sérstaklega úr með háan sameiginlegan kostnað. Óvegið meðaltal á hvern íbúa er rétt um 35 þúsund krónur.

Í þessari greiningu hefur verið gengið út frá því að þegar sveitarfélög sameinast geti þau (að mestu) notið kosta sameiningarinnar enda þótt dæmi séu um að sameinuð sveitarfélög hafi enn mikinn sameiginlegan kostnað. Þannig skera Ísafjarðarbær og Norðurþing sig úr með háan sameinlegan kostnað á hvern íbúa.

Hér er því gert ráð fyrir að skrifstofukostnaður í málaflokkunum á hvern íbúa verði lægri í hinu sameinaða sveitarfélagi en í þeim fámennari sem gengu inn í hið fjölmennara. Aftur á móti má reikna með því að kostnaður vegna félagsþjónustu aukist í sumum tilvikum þegar þjónustunet þéttbýlissveitarfélagsins nær yfir dreifbýlið líka.


3.2.5 GRUNNSKÓLINN

Grunnskólaskipulag er skoðað sérstaklega með tilliti til kostnaðar á hvern nemanda og íbúa eftir atvikum en einungis mjög almennt og hér verða einungis gefnar vísbendingar um hagræðingu. Ef fjalla ætti nánar um hagræðingarmöguleika í grunnskólahaldi þyrfti mun nánari greiningu en unnt er að gera innan þess tímaramma sem verkefninu er gefinn.


Kostnaður sveitarfélaga af rekstri grunnskóla er mismunandi og þar spila saman augljós stærðarhagkvæmni við rekstur einstakra skóla og dreifing byggðarinnar. Þó virðist einboðið að þegar

sveitarfélög á landsbyggðinni verða almennt orðin mjög stór að flatarmáli og með fleiri en einn þéttbýlisstað mörg hver, auk dreifðrar búsetu, þurfi að taka til endurskoðunar með hvaða hætti þau skipuleggja og stjórna grunnskólastiginu. Mynd 3.6 og Mynd 3.7 sýna ljóslega að þrátt fyrir að kostnaður á hvern nemanda sé töluvert mismunandi þá er mikil stærðarhagkvæmni í rekstri einstakra skóla. Síðan getur sama sveitarfélagið rekið skóla sem eru misstórir og sem eru misdýrir í rekstri. Þegar skoðað er hvaða möguleikar eru til hagræðingar í kjölfar sameiningar hlýtur að vera mikilvægt að tækifæri sem bjóðast við aukna hagkvæmni í rekstri grunnskólans séu notuð – hvort sem það fé sem sparast við það er notað til að bæta þjónustu skólanna eða í öðrum tilgangi.


Í þessari greiningu er ekki mögulegt að kafa svo djúpt í málefni grunnskólans að skoða einstaka möguleika til sameiningar eða samrekstrar. Til þess þyrfti meiri tíma. Aksturskostnaði er haldið óbreyttum. Sparnaður í rekstri grunnskólastigsins við sameiningu kann sums staðar að geta orðið meiri, t.d. með því að fámennir skólar nálægt þéttbýli verði lagðir niður, meðan möguleikarnir eru minni annars staðar. Þetta þyrfti nánari skoðunar við en hér er hægt að gera. Tekið skal fram að allra fámennustu skólarnir eru ekki með í þessari greiningu og það sama gildir um sérskóla.




Mynd 3.7 Rekstrargjöld að frátöldum aksturskostnaði á nemanda eftir stærð skóla
Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga. Rekstrarkostnaður með innri leigu.



Mynd 3.8 Samband milli stærðar skóla og kostnaðar á hvern nemanda er mjög afgerandi
Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sérskólum og skólum í Árneshreppi og í Grímsey er sleppt.



Mynd 3.9 Launakostnaður á hvern nemanda lækkar með stærð skóla
Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.



Mynd 3.10 Annar kostnaður á hvern nemanda lækkar með stærð skóla
Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga. Innri leiga meðtalinn en skólaakstur ekki.

Í myndinni hér (Mynd 3.10) má sjá hvernig annar kostnaður en laun og skólaakstur fylgir stærð skóla á líkan hátt og launakostnaður. Mismunur milli skóla er þó meiri og á hlutur innri leigu sinn þátt í því.

Í fjölmennari sveitarfélögum gefast tækifæri til þess að endurskipuleggja stjórnun, kennslu og fyrirkomulag grunnskóla (Karlsson, 2003; Karlsson & Agnarsson, 2016). Meðal annars væri hugsanlega hægt að nýta kennara á fleiri stöðum en einum. Lækkun kostnaðar með aukinni hagræðingu væri hægt að nota til að bæta þjónustuna eða spara fé.

3.2.5.1 Skólaakstur

Akstur nemenda í og úr skóla hefur nú komið í stað heimavistar nemenda í dreifbýli. Kostnaður við skólaakstur er afar mismunandi, eftir aðstæðum og fyrirkomulagi. Alls er nemendum ekið í 53 skóla þar sem eru 4.700 nemendur en að sjálfsögðu er ekki öllum nemendum ekið í þá alla. Það gerir nokkuð erfiðara fyrir að meta kostnað við aksturinn sjálfan. Þó er hægt að meta mikilvægi þessa kostnaðarliðar í nokkrum tilvikum, þar sem hann er áberandi hár. Þannig eru 5 skólar í þeirri stöðu að kostnaður við skólaakstur var meira en 500 þúsund krónur á hvern nemanda en í þeim voru 235 nemendur. Í 9 skólum með 616 nemendur var skólaakstur meira en 1/3 af rekstrarkostnaði, öðrum en launum. Það gefur auga leið að með aukinni samræmingu í stjórnun grunnskóla í sameinuðum sveitarfélögum kunna að reynast tækifæri til hagræðingar sem þó er ekki hægt að setja verðmiða á nú.

3.2.5.2 Önnur gjöld sveitarfélaga til fræðslumála en vegna grunnskólans.

Til þessa hluta málafloksins verja sveitarfélög mjög mismunandi miklum fjármunum en að meðaltali um 145 þúsund krónum á hvern íbúa, þannig að þarna er um umtalsverð útgjöld að ræða. Í einhverjum tilvikum sýnist kostnaður vegna grunnskólalahalds, þar sem sveitarfélag rekur

ekki grunnskóla sjálft vera færður á þennan útgjaldalið. Á þessu stigi er ekki mögulegt að leiðréttu fyrir þessu. Útgjöld sem færð eru undir þennan hluta fræðslumálaútgjalda fara ekki eftir íbúafjölda sveitarfélaga og því teljast hér ekki vera augljós hagræðingartækifæri.

3.2.6 FÉLAGSMÁL, ÖNNUR EN MÁLEFNI FATLAÐRA

Sveitarfélög hafa mjög mismunandi kostnað af félagsþjónustu, bæði vegna þess að aðstæður eru mismunandi en einnig hafa fámenn sveitarfélög mörg hver ekki byggt upp það félagslega öryggisnet sem þeim ber. Hjá sveitarfélögum sem hafa færri íbúa en 1.000 er meðalkostnaður við þennan málaflokk 42 þúsund krónur á íbúa en hann er minnstur 17 þúsund en mestur 104 þúsund. Í sveitarfélögum með milli 1 og 5 þúsund íbúa er kostnaðurinn að meðaltali um það bil sá sami og hjá fámennari sveitarfélögum en einnig þar er mismunur mikill. Hjá því sveitarfélagi sem lægst hefur útgjöldin eru þau innan við 18 þúsund meðan þau eru 69 þúsund á íbúa þar sem þau eru hæst. Í sveitarfélögum með yfir 5.000 íbúa er meðaltal útgjalda enn óbreytt en þá er Reykjavík undanskilin en þar eru útgjöld til þessara mála yfir 100 þúsund á íbúa og því greinilegt að höfuðborgin sker sig algerlega úr. Einnig þarna er mismunur milli sveitarfélag mikill. Hann er frá því að vera innan við 30 þúsund á íbúa upp í 64 þúsund. Við mat á sparnaði er gengið út frá því að meðaltalskostnaður á landinu (að höfuðborginni undanskilinni) gildi með örfáum undantekningum. Þetta leiðir til breytinga á útgjöldum í báðar áttir en samtals reiknast nokkuð aukin útgjöld vegna félagsþjónustu og er það í samræmi við það sem margir hafa talið að yrði ein afleiðing sameiningar sveitarfélaga.

3.2.7 HEILBRIGDISMÁL

Útgjöld sveitarfélaga til heilbrigðismála eru víðast svo takmörkuð að ekki verður fjallað um þau hér.

3.2.8 ATVINNUMÁL

Allmög fámennari sveitarfélög hafa útgjöld sem flokkuð eru vegna atvinnumála. Ná þessi framlög upp undir 300.000 kr. á íbúa í einu sveitarfélagi. Þau eru yfir 30.000 kr. á íbúa í 6 sveitarfélögum með rúmlega 2.000 íbúa samtals. Samtals eru 10 sveitarfélög til viðbótar með útgjöld vegna atvinnumála sem eru milli 20 og 30.000 kr. á íbúa. Í þeim búa tæplega sex þúsund íbúar. Í þremur sveitarfélögum eru útgjöld í þessum lið neikvæð. Til þess að geta spáð fyrir um hver þróun yrði í útgjöldum vegna atvinnumála þyrfti nánari skoðun en heildarútgjöld allra sveitarfélaga til atvinnumála námu rúmlega 1,3 milljörðum árið 2017 en því til viðbótar voru um 300 m.kr. framlög til fyrirtækja í B-hluta. Á þessu stigi er ekki reiknað með að sameining sveitarfélaga hafi áhrif á útgjöld til atvinnumála.

4 GREINING OG NIÐURSTÖÐUR

4.1 AÐFERÐ 1

Við úrvinnslu var ákveðið að fylgja niðurstöðum eins og þær komu fyrir úr aðhvarfsgreiningunni með tveimur megin undantekningum. Ekki var stuðst við stuðla sem mældust ómarktækir enda bentu margir þeirra til þess að kostnaður gæti verið neikvæður (þá tekjur) sem er ekki rökrétt. Síðan var gert ráð fyrir að eingöngu 70% af fasta kostnaði sparist í rekstri hvers málflokks í þeim sveitarfélögum sem leggjast af en ekki allur eins og gera hefði mátt ráð fyrir í fullkominni hagræðingu.

Hér verður farið í gegnum þrjár undirgreiningar áður en hægt er að taka saman endanlega áætlaða breytingu á kostnaði við 1.000 íbúa lágmark þeirra. Fyrst verður sagt frá fyrstu greiningunni sem gerir ráð fyrir að litlu sveitarfélögin sameinist eingöngu milli stórum sveitarfélögum, þ.e. sveitarfélögum með 1.000-4.000 íbúa (Tafla 4.1). Búast má við að einhver hluti sveitarfélaga sameinist milli stórum sveitarfélögum og önnur stórum. Til þess að gera matið nákvæmara þarf að áætla þá skiptingu. Ein líkleg sviðsmynd leiddi í ljós að 37% íbúa lítilla sveitarfélaga tilheyrðu sameiningum úr litlum í milli stór og 63% úr litlum í stór. Stuðst verður við þá útreikninga hér. Athygli vakti að sú sviðsmynd hratt nokkrum sveitarfélögum úr milli stórum sveitarfélögum í stór og það leiðir líka til hagkvæmni sem fjallað verður um hér á eftir og tekið verður tillit til.

Tafla 4.1. Breyting á kostnaði sveitarfélaga í kjölfar sameininga lítilla í millistór
Tölur í krónum. Skyggðir reitir einkenna ómarktækar niðurstöður.

Málflokkur	Millistóru sveitarfélögin		Litu sveitarfélögin		Mögulegur ávinningur	
	Fasti	Stuðull	Fasti	Stuðull	Sparnaður skv. jöfnu 1	Hlutfall
Félagsþjónusta	-166.000.000	199.441	-3.292.094	80.146	-1.989.253.963	-217%
Heilbrigðismál	-2.251.960	2.869	-62.798	2.052	-13.622.558	-1%
Fræðslumál	18.000.000	436.909	-8.015.544	502.900	1.100.399.925	120%
Menningarmál	9.944.061	35.496	-971.110	52.596	285.143.334	31%
Íþróttir	-41.300.000	143.065	-2.331.762	106.090	-616.549.788	-67%
Brunamál	-9.415.597	22.182	-1.374.168	27.347	86.117.037	9%
Hreinlætismál	24.500.000	12.207	90.119	40.455	471.034.233	51%
Skipulagsmál	30.200.000	5.552	-3.684.492	37.108	618.783.404	68%
Samgöngumál	-7.174.356	38.269	-978.102	31.222	-117.510.893	-13%
Umhverfismál	-6.822.537	21.603	2.460.709	11.929	-92.418.434	-10%
Atvinnumál	6.339.978	12.861	1.839.173	22.697	164.020.469	18%
Yfirstjórn	49.600.000	57.197	3.064.095	118.377	1.020.166.162	111%
					916.308.928	100%

Sparnaðurinn yrði 916 m.kr. Þessi sparnaður miðast við eitt rekstrarár en hann er nú samt ekki nema tæp 0,3% af heildarútgjöldum sveitarfélaga árið 2017. Ef hann er núvirtur um ókomna tíð og þá gert ráð fyrir að sveitarfélögum eigi ekki eftir að fjölga aftur seinna þá fæst uppsafnaður ávinningur upp á 26 ma.kr.:

$$NPV = \frac{0,916}{0,035} = 26 \text{ ma. kr.}$$

Næst skal greint frá niðurstöðum sem gera ráð fyrir að litlu sveitarfélögin sameinist eingöngu stórum sveitarfélögum eða þeim sem hafa fleiri en 4.000 íbúa (Tafla 4.2).

Tafla 4.2. Breyting á kostnaði sveitarfélaga í kjölfar sameininga lítilla í stór Tölur í krónum. Skyggðir reitir einkenna ómarktækar niðurstöður.

Málauflokkur	Stóru sveitarfélögin		Litlu sveitarfélögin		Mögulegur ávinningur	
	Fasti	Stuðull	Fasti	Stuðull	Sparnaður skv. jöfnu 1	Hlutfall
Félagsþjónusta	-120.000.000	140.504	-3.292.094	80.146	-1.006.464.481	-22%
Heilbrigðismál	-9.466.247	1.874	-62.798	2.052	2.970.518	0%
Fræðslumál	-627.000.000	433.154	-8.015.544	502.900	1.163.002.878	26%
Menningarmál	131.000.000	15.515	-971.110	52.596	618.321.506	14%
Íþróttir	398.000.000	78.279	-2.331.762	106.090	463.751.260	10%
Brunamál	51.000.000	7.878	-1.374.168	27.347	324.630.751	7%
Hreinlætismál	15.000.000	11.867	90.119	40.455	476.707.401	10%
Skipulagsmál	99.500.000	4.217	-3.684.492	37.108	548.458.142	12%
Samgöngumál	-2.211.015	32.174	-978.102	31.222	-15.875.100	0%
Umhverfismál	121.000.000	3.510	2.460.709	11.929	209.278.473	5%
Atvinnumál	32.700.000	1.300	1.839.173	22.697	356.797.660	8%
Yfirstjórn	192.000.000	33.461	3.064.095	118.377	1.415.966.129	31%
					4.557.545.136	100%

Áætluð lækkun kostnaðar yrði við þetta 4,6 ma.kr. á ári eða 1,6% af heildarútgjöldum sveitarfélaga árið 2017. Á sama hátt og áður yrði hann núvirtur upp á 160 ma.kr.

Að lokum verður greint frá mati á áætlaðri breytingu kostnaðar sveitarfélaga þegar sveitarfélag fer úr því að vera millstórt í stórt við sameiningu (Tafla 4.3).

Tafla 4.3. Breyting á kostnaði sveitarfélaga í kjölfar sameininga millistórra í stór Tölur í krónum. Skyggðir reitir einkenna ómarktækar niðurstöður.

Málauflokkur	Stóru sveitarfélögın		Millilstóru sveitarfélögın		Mögulegur ávinnungur	
	Fasti	Stuðull	Fasti	Stuðull	Sparnaður skv. jöfnu 1	Hlutfall
Félagsþjónusta	-120.000.000	140.504	-166.000.000	199.441	274,240,007	7%
Heilbrigðismál	-9.466.247	1.874	-2.251.960	2.869	52,945,320	1%
Fræðslumál	-627.000.000	433.154	18.000.000	436.909	69,281,852	2%
Menningarmál	131.000.000	15.515	9.944.061	35.496	368,723,838	10%
Íþróttir	398.000.000	78.279	-41.300.000	143.065	1,195,554,754	32%
Brunamál	51.000.000	7.878	-9.415.597	22.182	263,959,945	7%
Hreinlætismál	15.000.000	11.867	24.500.000	12.207	126,328,420	3%
Skipulagsmál	99.500.000	4.217	30.200.000	5.552	70,151,971	2%
Samgöngumál	-2.211.015	32.174	-7.174.356	38.269	112,478,975	3%
Umhverfismál	121.000.000	3.510	-6.822.537	21.603	333,883,941	9%
Atvinnumál	32.700.000	1.300	6.339.978	12.861	213,343,944	6%
Yfirstjórn	192.000.000	33.461	49.600.000	57.197	681,066,543	18%
					3,761,959,509	100%

Samkvæmt sviðsmyndinni snerti þetta 18.454 íbúa og 7 sveitarfélög. Þeim forsendum var því breytt frá fyrri tveimur útreikningum og skilaði það hagræðingu upp á 3,8 ma.kr. eða 1,3% af heildarkostnaði 2017 og núvirði upp á 107 ma.kr. Til að gæta allrar sanngirni þá var þessi kostnaðarlækkun lækkuð um 61% í lokamatinu vegna þess að fjöldi íbúa sem tilheyrðu sveitarfélögum sem voru mjög nálægt 4.000 í íbúatölu fyrir sameininguna var 11.209 af 18.454.

Þegar ávinnungur af öllum þeim sveitarfélögum sem sameinuðust millistórum sveitarfélögum og þeim sem sameinuðust stórum voru tekin saman ásamt þeim sem fóru úr því að vera milli stór í stór til þess að sameiningarkapallinn gengi upp fékkst eftirfarandi kostnaðarlækkun á ári:

$$0,916 \times 0,37 + 4,6 \times 0,63 + 3,8 \times 0,61 = 4,7 \text{ ma. kr.}$$

Eða núvirt upp á:

$$NPV = \frac{4,7}{0,035} = 134 \text{ ma. kr.}$$

Ef eingöngu 50% af mögulegum sparnaði í fræðslumálum næðist en reynslan hefur sýnt að þar getur reynst erfitt að ná fram hagræðingu í kjölfar sameininga þá lækkar heildartala á lækkun kostnaðar úr 4,7 á ári í 4,0 ma.kr.

Í skýrslu þessari var spurt: *Hversu mikið gæti tækifæri til hagræðingar vegna reksturs málaflokka sveitarfélaga orðið í kjölfar þess að sett verði lágmark á íbúa fjölda sveitarfélaga við 1.000 íbúa? Samkvæmt aðferð 1 yrði það um 4 ma.kr. á ári.*

Gerðar voru þrjár aðrar greiningar eins fjallað var um í aðferðafræðikaflanum þessarar aðferðar, en hér er stuðst við nálgun 3. Ekki var mikill munur á niðurstöðum 1-3.

4.2 AÐFERÐ 2

Fjallað verður um niðurstöður úr reikningi samkvæmt aðferð 2 hér. Reiknað er með því að mögulegt væri að hagræða í rekstri þjónustumálflokkanna 7-11: brunamál og almanna-varnir; hreinlætismál; skipulags- og byggingarmál; umferðar- og samgöngumál og umhverfismál í um það bil helmingi hinna sameinuðu sveitarfélaga. Miðað við rekstur sveitarfélaganna árið 2017 gæti sparnaður numið um 1 milljarði króna. Í um þriðjungi hinna sameinuðu sveitarfélaga telst vera hægt að ná fram hagræðingu sem nemur um 600 milljónum króna í æskulýðs- og menningar-málum. Í sameiginlegum kostnaði reiknast til að hægt væri að hagræða í sveitarfélögnum öllum og að sparnaðurinn gæti numið 2,8 milljörðum króna.

Gert var lauslegt mat á því hver gæti verið stærðargráða þeirrar hagræðingar sem sameining sveitarfélaga gefur tækifæri til í rekstri grunnskólans en tekið skal fram að nauðsynlegt er að greina upplýsingar og staðbundnar aðstæður mun betur en hér hefur verið gert. Ef miðað er við að kostnaður á hvern nemanda í grunnskólum verði 2,5 m.kr. þar sem hann er nú hærri en það næmi sparnaður nær 900 m.kr. á ári. Þá er ekki talinn með sparnaður vegna þeirra sveitarfélaga þar sem enginn skóli er rekinn nú vegna þess að upplýsingar eru til um kostnað sveitarfélagsins en ekki nemendafjölda. Þessi tala er einungis sett fram til að gefa vísbendingu um stærðargráður.

Samkvæmt ofansögðu, með öllum fyrirvorum, er hér sú niðurstaða að með því að sameina sveitarfélög á landsbyggðinni þannig að þau yrðu einungis 19 gætu tækifæri til hagræðingar í rekstri sveitarfélaganna verið af stærðargráðunni 5,4 milljarðar á ári en á móti er reiknað með að útgjöld vegna félagsþjónustu gætu aukist um 400 m.kr. samtals nemur því hagræðing samkvæmt þessu mati um 5 milljörðum króna.

Tafla 4.4. Samanburður á niðurstöðum aðferðanna tveggja

Málaflokkar	Aðferð 1	Aðferð 2
Almenn þjónusta	2,1 ma.kr.	1,1 ma.kr.
Æskulýðs-, íþróttar- og menningarmál	1,2 ma.kr.	0,6 ma.kr.
Fræðslumál	1,2 ma.kr.	0,9 ma.kr.
Stjórnsýsla	1,5 ma.kr.	2,8 ma.kr.
Félagsþjónusta	-1,3 ma.kr.	-0,4 ma.kr.
Samtals	4,7 ma.kr.	5,0 ma.kr.

5 FYRIRVARAR OG ATHUGASEMDIR VIÐ NIÐURSTÖÐUR

- Í greiningu þessari hefur verið byggt á tölu Sambands íslenskra sveitarfélaga og metin miðlina út frá kostnaðargögnum en ekki lágmarksjaðar eins gert er gjarnan þegar kostnaðarferlar eru metnir sem og þegar gerð er tilraun til þess að meta mögulega stærðarhagkvæmni í rekstri tiltekinna rekstrareininga. Að því leyti má segja að um varfærnismat sé að ræða.
- Í mörgum rannsóknum sem gerðar hafa verið á hagræði eða bættri þjónustu sveitarfélaga í kjölfar sameininga hefur ekki verið hægt að sýna fram á að þess hafi gætt í kjölfar sameininga á Íslandi (Eyþórsson & Karlsson, 2018; Karlsson, 2015; Karlsson & Eyþórsson, 2019). Þar geta verið margar skýringar að baki sem raktar hafa verið í nokkrum rannsóknum. Þess vegna er lögð áhersla á það hér að niðurstöðurnar eru eingöngu mögulegur ávinningur í kjölfar sameininga sveitarfélaga þar sem 1.000 íbúa lágmark hefur verið sett. Reynslan á síðan alveg eftir að leiða í ljós hvort eitthvað af þeim ávinningi skili sér.

6 HEIMILDASKRÁ

- Eythórsson, G. T., & Karlsson, V. (2018). The Impact of Amalgamations on Services in Icelandic Municipalities. *Nordicum-Mediterraneum*, 13(1).
- Karlsson, V. (2003). Meðalkostnaður íslenskra grunnskóla: Nokkrir áhrifabættir á þróun meðalkostnaðar. *Research paper series*, 1(2003).
- Karlsson, V. (2015). Amalgamation of Icelandic Municipalities, Average Cost, and Economic Crisis: Panel Data Analysis. *International Journal of Regional Development*, 2(1), 17-38.
- Karlsson, V., & Agnarsson, S. (2016). *Kostnaður við íslenska grunnskóla*. Paper presented at the Rannsóknir í félagsvísindum XVII, Reykjavík.
http://skemman.is/stream/get/1946/26366/59617/1/HAG_Vifill_Sveinn.pdf
- Karlsson, V., & Eythórsson, G. T. (2019). Do municipal amalgamations affect interregional migration? *Stjórn mál og stjórnsýsla*, 15(1), 39-66.